

## AUGLÝSING um skipulagsmál í Borgarbyggð.

*Deildartunga 3 – tillaga að breytingu á deiliskipulagi.*

Sveitarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi fyrir Deildartungu 3, skv. upprætti og greinargerð dags. 3. ágúst 2017.

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi Deildartungu 3, frá árinu 2014 sem tekur eingöngu til byggingarreits B. Byggingarreitur B stækkar úr 1.280 m<sup>2</sup> í 6.350 m<sup>2</sup> og heildarbyggingarmagn hans eykst úr 500 m<sup>2</sup> í 1.000 m<sup>2</sup>.

Engin athugasemd barst sveitarfélaginu á kynningatíma skipulagsins.

Deiliskipulagsbreyting hefur hlotið meðferð skv. 43. gr., skipulagslaga nr. 123/2010.

*Helgavatn, Vatnshlíð – tillaga að breyttu deiliskipulagi.*

Sveitarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi fyrir Helgavatn, Vatnshlíð, skv. upprætti og greinargerð dags. 8. nóvember 2017.

Markmið breytinganna er að hnitfesta lóðamörk, breyta vegum í samræmi við núverandi legu og afmarka byggingarreiti frístundahúsa.

Engin athugasemd barst sveitarfélaginu á kynningartíma skipulagsins.

Deiliskipulagsbreyting hefur hlotið meðferð skv. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Borgarnesi, 20. júlí 2018.*

**Gunnlaugur A. Júlíusson** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 3. ágúst 2018